

Stjórnarfundur 19. ágúst 2021

Google Meet

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Mörður Ingólfsson
- Hálfván Ragnar Guðmundsson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur með Bæjarstjóra Kópavogs
2. Skotstjórafundur
3. Fastir liðir:
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
 - c. Endurbætur á húsnæði
4. Önnur Mál

1. Fundur með bæjarstjóra Kópavogs

Fulltrúar SFK sátu fund með bæjarstjóra Kópavogs vegna útboðs í tilvonandi framkvæmdir á afingaraðstöðu félagsins til þess að fá útskýringar á því hvers vegna verkið hefur ekki enn ratað í útboð. Þau svör sem fulltrúar félagsins fengu voru að bæjarráð Kópavogsbæjar gat ekki samþykkt leyfi fyrir því að fara með verkið í útboð á meðan félagið væri að innheimta leigutekjur vegna útleigu á aðstöðunni sem Kópavogsbær er að skaffa félaginu án endurgjalds.

Niðurstaðan þar var sú að við þurfum að segja upp samningum við þá sem við erum með leigusamninga við og þurfa þeir aðilar að ganga til samningaviðræðna við Kópavog um leigu á aðstöðu félagsins.

Þetta var samþykkt nánast einróma á stjórnarfundi, en Sigurveig Helga Jónsdóttir sat hjá atkvæðagreiðslu.

2. Skotstjórafundur

Ákveðið var á fundinum að halda skotstjórafund þar sem yrði ákveðið í samræmi við skotstjóra hvenær æfingar hefjist aftur. Einnig verður þá farið yfir ný drög að ferlum varðandi brot á reglum félagsins og heimildir skotstjóra til þess að meina aðilum aðgang að skotbúnaði félagsins telji skotstjóri ástæðu til þessa.

3. Fastir Liðir

Engar D-Leyfis umsóknir eru í vinnslu eins og er.

Stjórnin er sammála um að stjórn félagsins þarf að halda áfram að krefjast upplýsinga frá Skotsambandi Íslands í sambandi við brot á reglum félags.

4. Önnur mál

Hugmynd kom upp um að halda opið hús þar sem öllum greinum væri gert kleift að vera með viðveru á staðnum til þess að kynna sínar greinar.